



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

**Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um könnun meðal foreldra barna sem bíða eftir fagþjónustu grunnskóla**

*Þann 24. maí 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um könnun meðal foreldra barna sem bíða eftir fagþjónustu grunnskóla:*

*Fulltrúi Flokks fólksins var loksins að fá svar frá sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs við fyrirspurn/ósk eftir upplýsingum um hvort rætt hafi verið við þau börn og foreldra þeirra sem bíða eftir fagþjónustu. Fram kemur að samtal eigi sér stað við foreldra í gegnum tilvísanaferlið og að til standi að gera könnun fyrir lok þessa skólaárs til foreldra sem fengið hafa ráðgjöf frá miðstöð. Flokkur fólksins vill því spyrja hvort farið sé af stað með þessa könnun? Stendur til að gera könnun á stöðu barna sem eru á biðlistanum? Það er verið að leika sér að eldi með því að veita ekki börnum þjónustu við vanda sínum eins fljótt og nokkur kostur er. Börn eiga ekki og mega ekki bíða endalaust eftir nauðsynlegri þjónustu. Vandinn er líklegur til að vaxa á meðan beðið er og þegar upp er staðið verður kostnaðurinn meiri fyrir samfélagið.*

### **Svar:**

Teymi árangurs- og gæðamats á velferðarsviði vinnur nú að undirbúningi þjónustukönnunar til foreldra sem hafa fengið skólaþjónustu og ráðgjöf sl. 18 mánuði og meðal þeirra sem eru á bið eftir þjónustu. Til stóð að leggja rafræna könnun fyrir foreldra nú í maí síðastliðnum, en sökum þess að verið var að leggja fyrir þjónustukannanir hjá velferðarsviði, skóla- og frístundasviði og mennta- og barnamálaráðuneytinu fyrir sama hóp foreldra, var ákveðið að fresta umræddri könnuninni fram á haust. Meginrökin eru þau að það komi niður á svörun þegar of margar kannanir eru lagðar fyrir á sama tíma.

Sérfræðingar velferðarsviðs telja að hægt verði að leggja rafræna könnun fyrir foreldra sem hafa beðið eftir þjónustu fyrir börn sín í lok september nk. og verður sú könnun unnin í samstarfi við skóla- og frístundasvið.